

Almannavarnir Árnæssýslu

7. fundur Almannavarnarnefndar Árnæssýslu, haldinn fimmtudaginn 16. apríl
2010 Kl: 11.00 að Hörðuvöllum 1, Selfossi

Mætt:

Árborg	Ragnheiður Hergeirsdóttir, formaður
Grímsnes- og Grafningshreppur	Jón G. Valgeirsson, ritari
Hveragerðisbær	Aldís Hafsteinsdóttir, varaformaður
Hrunamannahreppur	Ísólfur Gylfi Pálmason
Bláskógabyggð	Valtýr Valtýsson
Flóahreppur	Margrét Sigurðardóttir
Ölfus	Guðni Pétursson
Sýslumaðurinn í Árnæssýslu	Ólafur Helgi Kjartansson
Yfirlögregluþjónn	Oddur Árnason
Lögreglan Árnæssýslu	Svanur Kristjánsson
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Óskar Reykdalsson
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Magnús Skúlason
Rauði krossinn	Eyvindur Bjarnason
Brunavarnir Árnæssýslu	Kristján Einarsson, sem ritaði fundargerð
Einnig mætti á fundinn:	Ágúst Gunnar Gylfason, frá Almannavarnard. ríkislögreglustjóra

Dagskrá:

1. Stöðumat vegna eldgossins í Eyjafjallajökli

Oddur fór yfir stöðu mála og það helsta sem var að fréttu af gangi gossins.

Rætt var um vatnsbúskap í sýslunni og hugsanlega mengun vatns.

Ágúst ræddi áhrif vindbreytinga með öskufall í huga. Einnig ræddi hann hættu á flúormengun. Fram kom að rykgrímur eru komnar á Heilsugæslustofnun á Selfossi, einnig á allar starfsstöðvar HSu.

Niðurstaða umræðna var á þá lund að ekki er talin ástæða til aðgerða að sinni.

Umræður urðu um upplýsingar til almennings. Fram kom að miklar upplýsingar eru á heimasíðu Almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra og ástæða að beina öllum leiðum að þeirri síðu.

Þar má finna stöðugar fréttir af gosinu og einnig samræmdar tilkynningar til almennings.

Samþykkt að Oddur semji tilkynningu til fjölmiðla, tilkynningin verði einnig send til sveitarfélaga svo þau geti sett hana inn á heimasíður sínar.

Næsti fundur nefndarinnar verður 3. maí n.k. kl. 15.30 þar sem Áhættumat fyrir Árnæssýslu verður kynnt í heild sinni fyrir nefndarfólki.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12.15

Ragnheiður Hergeirsdóttir
Aldís Hafsteinsdóttir
Jón G. Valgeirsson